


**FRÆÐSLUSVIÐ  
MOSFELLSBÆJAR  
SKÓLAÁRIÐ  
2010-2011**



MOSFELLSBÆR

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Fræðslunefnd .....	6
Grunnskólar Mosfellsbæjar .....	8
Varmárskóli .....	9
Lágafellsskóli.....	10
Krikaskóli .....	10
Tölulegar upplýsingar um grunnskólana .....	11
Kennslumagn .....	13
Niðurstöður samræmdra könnunarprófa haustið 2010.....	14
Fjarnám í framhaldsskóla .....	15
Sérkennsla .....	15
Nýbúakennsla .....	15
Námsráðgjöf .....	16
Vínaleið.....	16
Frístundasel grunnskólanna í Mosfellsbæ .....	16
Leikskólar.....	18
Leikskólinn Hlaðhamrar .....	18
Leikskólinn Hlíð.....	18
Leikskólinn Hulduberg .....	19
Leikskólinn Reykjakot .....	19
Krikaskóli .....	20
Leikskóladeild í Lágafellsskóla .....	20
Leikskóladeild í Varmárskóla .....	21
Tölulegar upplýsingar um leikskólana .....	21
Daggæsla barna.....	23
Dagforeldrar .....	23
Gæsluleikvöllur.....	23
Foreldrasamstarf .....	23
Opin hús .....	24
Fræðsla til starfsfólk leik- og grunnskóla.....	25
Þróunar-, nýbreytni- og önnur verkefni .....	26
Brúum bilið .....	26
Allt hefur áhrif einkum við sjálf .....	26
PALS (Peer Assisted Learning Strategies) „Pör Að Læra Saman“ .....	26



TRAS – GS .....	27
Mat á leik- og grunnskólastarfi .....	28
Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk .....	28
Skólastefna Mosfellsbæjar og nýjar aðalnámskrár .....	29
Samstarf skólaskrifstofa .....	29
Listaskóli Mosfellsbæjar .....	30
Lokaorð .....	31



## Inngangur

Framkvæmdastjóri fræðslusviðs er Björn Þráinn Þórðarson. Hann er jafnframt forstöðumaður Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar og framkvæmdarstjóri Menningar sviðs. Aðrir starfsmenn Skólaskrifstofu veturinn 2010-2011 voru: Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi, Ragnheiður Sjöfn Jóhannsdóttir kennsluráðgjafi, Magnea Steinunn Ingimundardóttir, verkefnastjóri fræðslu- og menningar sviðs, sálfræðingarnir; Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, Anna Sigríður Jökulsdóttir og Sólveig Ragnarsdóttir. Guðríður Haraldsdóttir sálfræðingur var í árs launalausú námsleyfi.

Skólaskrifstofan starfar á fræðslusviði Mosfellsbæjar. Skrifstofan annast stjórnýslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála bæjarfélagsins. Skólaskrifstofan fylgist með framkvæmd skólahalds og hefur yfirumsjón með áætlanagerð og almennt eftirlit með skólastarfi. Skólaskrifstofan sér leik- og grunnskólum fyrir sérfræðilegri ráðgjöf samkvæmt lögum og reglugerðum og hvetur til umbóta og framþróunar í skólastarfi, auk þess að koma að endurmenntun starfsmanna og fræðslu til foreldra.

Í skýrslunni er fjallað um starfsemi skólaskrifstofunnar, starfsemi og tölfræði leik- og grunnskólanna auk upplýsinga um foreldrasamstarf, dagforeldra og listaskóla svo eitthvað sé nefnt. Allar tölur miðast við 1. október 2010 nema annað sé tekið fram.

## Fræðslunefnd

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar fer, í umboði bæjarstjórnar, með yfirstjórn fræðslumála á vegum Mosfellsbæjar.

Hlutverk fræðslunefndar er samkvæmt [3. grein](#) samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar<sup>1</sup>:

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í fræðslumálum og hafa eftirlit með að stefna bæjarvalda á hverjum tíma sé haldin
- að hafa eftirlit með stofnunum, sem vinna að fræðslumálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í fræðslumálum með tölulegum upplýsingum og könnunum meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar
- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í fræðslumálum.

Hlutverk fræðslunefndar samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla er:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólustjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu,
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- að fara með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla.

Verkefni fræðslunefndar eru samkvæmt [4. grein](#) áður nefndar samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar:

-að fara með þau verkefni sem skólanefnd eru falin samkvæmt lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#)

-að fara með verkefni sem leikskólanefnd eru falin samkvæmt lögum um leikskóla, [nr. 90/2008](#).

-að fara með málefni Listaskóla Mosfellsbæjar, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, [nr. 75/1985](#).

-að fara með málefni framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#)


að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og hafa eftirlit með rekstri gæsluvalla fyrir börn.

-að hafa heildaryfirsýn yfir dagvistun fyrir börn í sveitarfélaginu og sjá til þess að íbúar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um þau mál.

-að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Fulltrúar í fræðslunefnd 2010-2011 voru

<sup>1</sup> Sett með heimild í 54. og 55. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 428/2000 Samþykkt á 374. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 21.05.2003



Hafsteinn Pálsson (D) formaður , Eva Magnúsdóttir (D) varaformaður, Gylfi Dalmann (D) aðalmaður, Bryndís Brynjarsdóttir (V), Jónas Sigurðsson (S), Sæunn Þorsteinsdóttir (M).

Áheyrnarfulltrúar þegar fundað var um leik- og/eða grunnskólamál 2010-2011: Þórunna Rósa Ólafsdóttir, fulltrúi grunnskólastjórnenda, Sveinbjörg Davíðsdóttir fulltrúi leikskólastjórnenda, Dagný Kristinsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Björg Bjarkey Kristjánsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla, Sævar Garðarson fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðrún Bergmann fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Áheyrnarfulltrúar þegar fundað er um málefni Listaskólans: Atli Guðlaugsson skólastjóri Listaskólans, Símon H. Ívarsson fulltrúi starfsmanna tónlistardeildar, Daði Þór Einarsson stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar

Starfsmenn fræðslunefndar: Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðslusviðs, Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi, Magnea Steinunn Ingimundardóttir verkefnastjóri fræðslusviðs og Ragnheiður Sjöfn Jóhannsdóttir kennsluráðgjafi.



## Grunnskólar Mosfellsbæjar

Grunnskólar Mosfellsbæjar störfuðu á skólaárinu 2010 - 2011 eftir lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#) og reglugerðum við þessi lög. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999, stefnumörkun Mosfellsbæjar um skólamál (Skólastefna Mosfellsbæjar frá 2002, Stefnumótun um sérkennslu í grunnskólum frá 2004) og öðrum samþykktum bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er snerta skóla. Auk þess tekur starfsemi skólanna mið af öðrum lögum um opinbera þjónustu, reglugerðum við þau auk kjarasamninga starfsmanna. Á þessum skólavetri var samþykkt ný skólastefna Mosfellsbæjar sem og gefnar út nýjar aðalnámskrár (aðalhlutar) fyrir bæði leik- og grunnskóla.

Sjálfstæði grunnskólanna í Mosfellsbæ hefur aukist á undanförunum árum. Með sjálfstæði skóla er átt við faglegt, fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði skóla til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið af ríki (lög, reglugerðir og aðalnámskrá), sveitarfélaginu og með kjarasamningum. Skólarnir bera ábyrgð á framkvæmd ofangreindrar stefnumótunar.

Með faglegu sjálfstæði er átt við að skóli móti sjálfur faglegt starf sitt og sérstöðu innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar sveitarfélagsins. Stefna skólanna birtist í starfsáætlunum/skólanámskrám þeirra. Áætlun um sjálfsmat skólanna og símenntunaráætlanir og fleira eru hluti af starfsáætlunum/skólanámskrám skóla.

Með fjárhagslegu sjálfstæði er átt við að skóli ráðstafi því fjármagni sem hann fær úthlutað við upphaf hvers almanaksárs innan ramma laga, kjarasamninga og stefnumörkunar sveitarfélagsins. Hver skóli fær úthlutað fjárhagsramma skólans fyrir viðkomandi ár við upphaf ársins. Úthlutun fjármagnsins er samkvæmt þar til gerðu reiknilíkani. Hvor skóli gerir rekstraráætlun fyrir hvert ár. Í henni er kynnt áætluð ráðstöfun þess fjármagns sem skólinn fær úthlutað. Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að skólinn sé innan fjárhagsrammans við lok hvers árs.

Með stjórnunalegu sjálfstæði er átt við að skólar móti sjálfir skipulag og stjórnun innan skólans og hafi ráðningu allra starfsmanna í höndum sínum.

Skóladagatal er unnið af skólunum og leitast skólarnir við að samræma starfsdaga grunn-og leikskóla foreldrum bæjarfélagsins til hægðarauka. Skóladagatalið er síðan staðfest í fræðslunefnd ár hvert.

## Varmárskóli, [www.varmarskoli.is](http://www.varmarskoli.is)

Skólastjórar: Þórhildur Elvarsdóttir og Þórunna Rósa Ólafsdóttir. Varmárskóli var stofnaður árið 1961 í húsnæði Brúarlands sem áður hýsti Brúarlandsskóla og var hann starfræktur sem barnaskóli til lokar síðustu aldar er ákveðið var að sameina Gangfræðaskóla Mosfellsbæjar og Varmárskóla undir nafninu Varmárskóli. Nemendafjöldi barnaskólans óx í takt við stækkandi bæjarfélag og sem dæmi má nefna að árið 1978 voru í Varmárskóla um 500 nemendur en 1999 voru þeir orðnir 1100, enda eini grunnskóli bæjarins. Á síðasta skólaári voru í Varmárskóla 662 nemendur auk þess sem leikskólarnir Hlíð, Hlaðhamrar og Reykjakot komu með sín 5 ára börn í viku í senn inn í skólan og gafst það afar vel og verður áframhald á því formi. Áherslur í starfi Varmárskóla, auk hefðbundins skólastarfs, er útikennsla og umhverfisvernd. Skólaveturinn 2009 – 2010 voru í Varmárskóla 117 starfsmenn, þar af voru 67 í kennslustörfum í 62,2 stöðugildum, 40 voru í öðrum störfum í 29,8 stöðugildum.



Haustið 2010 gerði Menntamálaráðuneytið allhliða ytra mat á Varmárskóla en niðurstöður þess voru kynntar á 250 fundi fræðslunefndar. Meginniðurstöður voru eftirfarandi:

*Heildstæður grunnskóli með 1.–10. bekk sem ber nafn gamla barnaskólans – Varmárskóli.*

*Starf Varmárskóla fer fram í tveimur húsum og setur það skólastarfinu ákveðnar skorður. Góð leið er að unnið verði að úrbótum í húsnæðismálum með tengibyggingu milli skólahúsanna en þá fyrst verður hægt að tala um að sameiningu skólanna tveggja sé lokið þegar öll starfsemi Varmárskóla er komin undir eitt þak.*

*Í Varmárskóla fer fram metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Námsárangur nemenda virðist með ágætum og fjölbreytt þróunar- og umbótastarf á sér stað. Jákvætt andrúmsloft er í skólanum og góð samskipti milli nemenda og kennara.*

*Viðhorf nemenda og foreldra til náms og kennslu í Varmárskóla eru jákvæðar fyrir skólann. Almenn tölja nemendur og foreldrar skólann góðan. Nemendum líður þar vel og telja þeir sig örugga í skólanum. Varmárskóli á í góðum samskiptum við leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla í Mosfellsbæ auk þess að vera í góðu samstarfi framhaldsskóla í Reykjavík.*

*Skólastjórar virðast hafa skarpa sýn á skilvirkt og árangursríkt skólastarf og er einkar lagið að virkja starfsfólk til samstarfs. Starfsfólki er sýnt traust og þeim er falin forysta og ábyrgð. Skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og aðgangur starfsfólks að stjórnendum er opin og skólastjórar hvetjandi.*

*Skólaráð hefur verið kjörið á lýðræðislegan hátt í Varmárskóla skv. lögum. Fundað hefur verið reglulega í ráðinu sl. tvö ár. Búið er að setja upp fundi skólaráðs með dagskrá fyrir skólaárið 2010–2011 og er fundaaætlunin aðgengileg á heimasíðu skólans. Ekki hafa verið settar nánari starfsreglur fyrir skólaráð sbr. 5. gr. reglugerðar um skólaráð nr. 1157/2008 né fullgera skipurit fyrir ráðið.*

*Starf Varmárskóla tekur mið af þeim áherslum sem fram koma í lögum og aðalnámskrá. Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla þó ekki ákvæði laga og þarf skólinn að útfæra skólanámskrá og starfsáætlun til samræmis við ákvæði laga um grunnskóla nr. 91/2008.*

*Unnið er að þróun kennsluhátta í skólanum og aukinni fagmennsku meðal kennara á mörgum sviðum. Eitt af því sem sérstök áhersla hefur verið lögð á með góðum árangri er útikennsla sem birtist í þróunarverkefninu „Bærinn okkar – betri bær og allir með“.*

*Skólinn leggur mikla áherslu á lífsleiknikennslu og félagsfærni nemenda og í bekkjartímum með umsjónarkennara fá nemendur góða fræðslu um jafnréttismál. Jafnframt vinnur skólinn með Mosfellsbæ markvisst að forvarnarstarfi í góðu samstarfi við foreldra, íþróttafélög og aðra aðila utan skóla í því sambandi.*



## Lágafellsskóli, [www.lagafellsskoli.is](http://www.lagafellsskoli.is)

Skólastjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Lágafellsskóli hóf starfsemi árið 2001. Á fyrsta starfsári skólans voru þar 250 nemendur í 1-6. bekk og var á þeim tíma áætlað að skólinn myndi hýsa um 500 nemendur þegar hann næði fullri stærð. Frá þeim tíma hefur skólinn tvisvar verið stækkaður og nemendafjöldi á síðasta skólaári voru 702 nemendur auk 29 barna á leikskóladeild. Skólinn hélt á vordögum upp á 10 ára afmæli sitt og af því tilefni var haldin vegleg veisla þar sem skólanum voru færðar gjafir og foreldrar, nemendur og starfsfólk skólans fögnuðu með bæjarbúum sem á sama tíma fögnuðu komu sumars í snjókomu.



Skólaveturinn 2010 – 2011 voru í Lágafellsskóla 131 starfsmenn, þar af voru 76 í kennslustörfum í 62,6 stöðugildum, 57 voru í öðrum störfum í 29,5 stöðugildum. Sérstakar áherslur í Lágafellsskóla er fjölbreytileiki einstaklingsins og einstaklingsmiðað nám. Einkunnarorð skólans eru: Samvera, samvinna, samkennd.

Uppbyggingastefnan hefur verið í þróun hjá Lágafellsskóla undanfarin ár og er hún að festa sig í sessi þar sem markmiði er að kenna nemendum sjálfsaga og sjálfstjórn, gera sér grein fyrir þörfum sínum og uppfylla þær, finna lífsgildi sín og hegða sér samkvæmt þeim og að styrkja vilja og sjálfsmynd nemandans. Mjö að að byggja upp sjálfstraust og að hjálpa nemandanum til að verða sá sem hann vill verða.

## Krikaskóli [www.krikaskoli.is](http://www.krikaskoli.is)

Skólastjóri: Þrúður Hjelm

Krikaskóli tók til starfa sumarið 2008. Útibú hans var staðsett veturinn 2009-2010 í Helgafellslandi, Brekkukoti, eða fram til apríl 2010 er skólinn flutti í sitt endanlega húsnæði í Sunnukrika. Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja - 9 ára og starfsemin tekur mið af skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum.

Veturinn 2010-2011 voru 57 börn á grunnskólaaldri í Krikaskóla Krikaskóla sem er fjölgun um 19 nemendur. Sérstakar áherslur í starfi Krikaskóla er samkennd, árganga og útikennsla. Sjá nánar hér **Krikaskóli**



## Tölulegar upplýsingar um grunnskólana

1421 nemendur hófu nám í grunnskólum Mosfellsbæjar haustið 2010, 702 í Lágafellsskóla, 662 í Varmárskóla og 57 í Krikaskóla og er það fjölgun um 34 nemendur.

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda 01.10.10:

Lágafellsskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi Bekkjardeilda*
1. bekkur	74	4
2. bekkur	67	4
3. bekkur	83	4
4. bekkur	65	3
5. bekkur	87	4
6. bekkur	71	3
7. bekkur	66	3
8. bekkur	62	3
9. bekkur	49	2
10. bekkur	64	3
Samkenntla 8-10b	14	1
<b>Samtals</b>	<b>702</b>	<b>34</b>

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda 01.10.10:


Varmárskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi bekkjardeilda*
1. bekkur	44	2
2. bekkur	60	3
3. bekkur	63	3
4. bekkur	76	4
5. bekkur	66	3
6. bekkur	59	3
7. bekkur	69	3
8. bekkur	78	4
9. bekkur	87	4
10. bekkur	62	3
<b>Samtals</b>	<b>662</b>	<b>32</b>

\* Ath. fjöldi bekkjardeilda innan árgangs gefur oft ekki rétta mynd af meðalfjölda nemenda í bekk eða nemendahópi. Oft er bekkjum skipt upp í ákveðnum tilgangi eða í ákveðnum greinum þeim skipt í smærri hópa. Færri nemendur eru þá á hvern kennara þegar svo ber undir.

Krikaskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi bekkjardeilda
1. bekkur	26	1
2. bekkur	20	1
3. bekkur	11	1
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>3</b>

Próun nemendafjölda (1. - 10. bekkur) í grunnskólum Mosfellsbæjar 2002-2010

	2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11
Varmárskóli	823	794	732	725	696	710	716	680	662
Lágafellsskóli	371	443	516	567	628	629	666	681	702
Krikaskóli	0	0	0	0	0	0	0	29	57
Samtals	1194	1237	1248	1292	1324	1339	1382	1390	1421



Próun nemendafjölda í sérskólum 2002-2011 (Öskjuhlíð og Safamýraskóli)

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11
8	7	5	6	8	8	4	4	4

Nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar með lögheimili utan Mosfellsbæjar voru 17, 15 komu frá Reykjavík, eitt frá Garðbæ og eitt frá Kjósarhreppi

Próun nemendafjölda sem er með lögheimili utan Mosfellsbæjar en stundar nám í grunnskólum Mosfellsbæjar 2002-2011

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11
9	9	7	9	14	13	18	12	17

Nemendur í almennum skólum utan Mosfellsbæjar voru 15, þar af voru 6 við nám í Waldorfsskólum, 2 í Suðurhlíðaskóla (skóli aðventista), 4 úti á landi og 3 víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Próun nemendafjölda sem stundar nám í almennum grunnskólum utan Mosfellsbæjar (með lögheimili í Mosfellsbæ) 2002-2010

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11
10	12	7	6	18	23	25	22	15

## Kennslumagn

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar samþykkti á 149. fundi nefndarinnar þann 17. maí 2005 að fjölga kennslustundum í 1. – 4. bekk frá og með hausti 2005 umfram það sem tiltekið er í lögum. Kennslustundafjöldi þessara bekkja fór úr 30 stundum á viku í 35 þar til vorið 2009 þegar tekin samræmd ákvörðun á höfuðborgarsvæðinu um að taka þessa áður nefndu viðbótartíma af þ.e. fækka aftur um 5 kennslustundir hjá 1. – 4. bekk. Hafa ber þetta í huga þegar þróun kennslustundafjölda skólanna er skoðuð milli ára.

### Lágafellsskóli 2009-2010

Kennslustundafjöldi almennrar kennslu	1149
Kennslustundafjöldi skiptitíma og bókasafn	147
Sérkennsla	<u>267</u>
Samtals kennslustundafjöldi skólans	1563

Þróun kennslustundafjölda frá 2002-2010 í Lágafellsskóla.

Skólaár	Kennslumagn
2002 - 2003	892
2003 - 2004	1007
2004 - 2005	1130
2005 - 2006	1410
2006 - 2007	1479
2007 - 2008	1609
2008 - 2009	1630
2009 - 2010	1592
2010 - 2011	1563

### Varmárskóli 2009-2010

Kennslustundafjöldi almennrar kennslu	1082
Kennslustundafjöldi skiptitíma og bókasafn	238
Sérkennsla	<u>235</u>
Samtals kennslustundafjöldi skólans	1555

Þróun kennslustundafjölda frá 2002-2010 í Varmárskóla

Skólaár	Kennslumagn
2002 - 2003	2008
2003 - 2004	1894
2004 - 2005	1777
2005 - 2006	1745
2006 - 2007	1649
2007 - 2008	1688
2008 - 2009	1668
2009 - 2010	1566
2010 - 2011	1555



## Niðurstöður samræmdra könnunarprófa haustið 2010

Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum sem og tækifæri fyrir skóla að skoða einstaka þætti, hvað er vel gert og hvar má gera betur.

Í 2.grein reglugerðar númer 435 frá apríl 2009 segir um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að:

- athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,
- veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Niðurstöður prófanna gefa því til kynna hvar nemendur standa gagnvart öðrum nemendum á landinu og eru jafnframt gott hjálpartæki fyrir kennara og nemendur til að greina stöðuna í viðkomandi grein.

Mikil vinna er lögð í úrvinnslu gagna og settar upp áætlanir hvað varðar einstaka þætti og einstaka árganga. Ýtarlega var greint frá þeirri vinnu á 247. fundi fræðslunefndar 11. janúar 2011, málsnúmer 201101090 en á þann fund mættu fulltrúar skólanna og sögðu frá hvernig skólarnir vinna með niðurstöður samræmdra könnunarprófa.

Íslenska 4. bekk	Haust 2010
Reykjavík	5,8
Landið	5,6
Lágafellsskóli	5,7
Varmárskóli	5,98

Íslenska 7. bekk	Haust 2010
Reykjavík	6,8
Landið	6,7
Lágafellsskóli	6,7
Varmárskóli	6,8

Stærðfræði 4. bekk	Haust 2010
Reykjavík	7,2
Landið	7,2
Lágafellsskóli	7,1
Varmárskóli	7,5

Stærðfræði 7. bekk	Haust 2010
Reykjavík	6,2
Landið	6,1
Lágafellsskóli	5,97
Varmárskóli	6,3

Íslenska 10. bekk	Haust 2010
Reykjavík	6,3
Landið	6,2
Lágafellsskóli	6,1
Varmárskóli	6,2

Stærðfræði 10. bekk	Haust 2010
Reykjavík	6,7
Landið	6,5
Lágafellsskóli	6,5
Varmárskóli	6,7

### Fjarnám í framhaldsskóla

Veturinn 2010-2011 sóttu 13 nemendur úr Varmárskóla námsgreinar í framhaldsskóla, 12 í Fjölbraut Ármúla og einn í FMOS eina önn. Úr Lágafellsskóla var einn nemandi skráður í Fjölbrautaskólann við Ármúla í stærðfræði 103 að hausti og stæ 203 að vori. Einn nemandi var skráður í spænsku við í Verslunarskólann. Aðrir voru ekki í fjarnámi en einn nemandi sótti val tíma í skapandi tónlist í FMOS.

### Sérkennsla

Skólar bera ábyrgð á að einstaklingsáætlanir eða hópáætlanir séu gerðar fyrir þá nemendur sem fengu sérkennslu. Námskrám er ætlað að vera skráning á markmiðum vetrar og langtímamarkmiðum, upptalningu á kennslufyrirkomulagi, tímafjölda, persónulegum upplýsingum og mati á stöðu nemanda.

Hlutfall nemenda sem hlutu stuðnings- og sérkennslu á skólaárunum 2004-2011

Ekki er gerður greinarmunur á nemendum sem njóta tímabundins stuðnings eða þeim nemendum sem fá aðstoð allan veturinn.

Skólaár	Hlutfall nemenda
2004 - 2005	19,80%
2005 - 2006	22,50%
2006 - 2007	27,90%
2007 - 2008	24,70%
2008 - 2009	24,60% *
2009 - 2010	20,79%**
2010 - 2011	24,12%**

\* eingöngu nemendur 1. - 6.bekkjar

\*\* eingöngu Lágafells- og Varmárskóli

Sérkennslan í Krikaskóla er frábrugðin að því leiti að hún fer að mestu fram sem aðstoð inn í bekk og því fá fleiri nemendur að njóta hennar og breidd stuðningsins er meiri.

### Nýbúakennsla

38 nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar töldust tvítýngdir veturinn 2010-2011 og fengu þeir mismikla þjónustu (stuðning) allt eftir þörfum hvers og eins.

## Námsráðgjöf

Námsráðgjöf er forvarnarstarf sem fer fram í trúnaði. Markmiðið er að standa vörð um velferð nemenda og veita þeim ráðgjöf er tengist námi þeirra. Námsráðgjafi aðstoðar nemendur í persónulegum málum til að auka líkur á því að þeir nái árangri í námi. Hann aðstoðar nemendur við námstækni, skipulagningu á námi, valgreinar, líðan í skólanum, sér um kynningu á náms- og starfsvali og ýmislegt fleira. Námsráðgjafi vinnur með nemendum, foreldrum/forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Námsráðgjafar vinna að ýmiskonar verkefnum er tengjast forvörnum, gerð og úrvinnslu kannana, atvinnutengdu námi, sitja í nemendaverndarráði og áfallateymi o.m.fl.

## Vinaleið

Í báðum grunnskólunum er starfrækt svo kölluð vinaleið. Starfsmaður Vinaleiðar kemur í skólana og býður nemendum upp á sálægslu og vinnur að forvörnum. Nemendur geta leitað til vinaleiðar með sín erindi en tekið skal fram að vinaleiðin er hvorki meðferðarúrræði né kemur í stað námsráðgjafar í skólunum.

Nemendur koma í Vinaleið m.a. vegna: sorgaráfalls vegna fráfalls náins ættingja (eða gæludýrs) skilnaðar foreldra, atvinnuleysi foreldra, vanlíðan, leiði, kvíði, einmannaleiki, áhyggjur, stríðni, vinkonu/vinaerjur, samskiptaörðugleikar, ósætti á heimili. Starfsmaður Vinaleiðar veitir nemendum eftirfylgd í tvö ár sem hafa misst náinn ættingja. og veitir nemendum viðtal í samvinnu við umsjónarkennara, foreldra og nemendaverndarráð skólans.

## Frístundasel grunnskólanna í Mosfellsbæ

Í frístundaseljum Mosfellsbæjar er skipulagt frístundastarf fyrir nemendur utan hefðbundins skólatíma. Veturinn 2010 -2011 sóttu á þriðja hundruð nemendur frístundasel skólanna og var mikill stöðuleiki í aðsókn, helstu breytingar voru að fólk ýmist fjölgaði eða fækkaði tímum.

Hér fyrir neðan má sjá samþykkt um frístundasel (samþykkt á 517. fundi bæjarstjórnar 26. ágúst 2009).

1. Frístundasel fyrir 1. – 4. bekk eru starfrækt af Grunnskólum Mosfellsbæjar. Markmið frístundaseljanna er að mynda heildstæða umgjörð um skóladag barnanna. Frístundaselin bjóða upp á margvísleg verkefni, t.d. íþróttar-, tómsunda-, lista- og menningarverkefni. Helstu áherslur í starfinu eru öryggi, útivist, hreyfing, fjölbreytni, tómsundir, íþróttir og vellíðan.

2. Að öllu jöfnu eru frístundasel opin daglega alla daga á starfstíma skóla, en daglegur opnunartími tekur þó mið af því hvernig skólinn fléttar starfið inn í daglega viðveru barna í skólanum og getur því verið breytileg frá ári til árs. Í samræmi við starfsáætlanir grunnskólanna ber skólastjórum að upplýsa foreldra að vori um fyrirkomulag næsta skólaárs.

### Eftirfarandi gildir um lokun frístundaselja á starfstíma skólanna:

Frístundaselin veita þjónustu í vetrar, jóla- og páskafríum að lokinni könnun á meðal foreldra. Veita skal 8 tíma þjónustu þá daga sem opið er.

Frístundaselin eru lokuð tvisvar á vetri á starfsdögum grunnskólanna. Á þeim tíma vinnur starfsfólk að skipulagsvinnu og endurmenntun. Skólastjórar skulu upplýsa foreldra um þessa daga að hausti.

3. **Markmið frístundaselja er:**

- að tryggja börnum heildstæða umgjörð um skóladaginn að aflokinni hefðbundinni kennslu og vera þannig hluti af samfelldum skóladegi
- tengja saman tómstunda- og íþróttastarf við starfsemi frístundaselja
- að vera skjól og gæsla fyrir yngstu nemendur grunnskólans til hvíldar, afþreyingar og tómstunda
- að eiga gott samstarf við foreldra um tilboð frístundaselja, m.a. með því að tryggja gott upplýsingastreymi milli foreldra og starfsmanna og með því að upplýsa foreldra um umgjörð, markmið og skipulag starfsins
- að gefa sem flestum börnum kost á að kynnast íþróttum, útivist og öðru tómstundastarfi
- að bjóða upp á fjölbreytileg tilboð og sníða þannig starfið eftir þörfum og áhuga hvers og eins
- að gera börn virkari í tómstundum og tómstundaleit sinni og leggja þannig grunn að virkni á unglings- og fullorðinsárum
- að börn ljúki sem mestu af frístundastarfi sínu í beinu framhaldi af kennsludegi grunnskólans og þannig skapist drýgri tíma fyrir fjölskyldur til samveru að loknum venjulegum vinnudegi
- að koma á samstarfi við frjáls félagasamtök í Mosfellsbæ, sem leggja rækt við barna- og unglingsstarf, t.d. íþróttá- og tómstundafélög
- að efla listir og menningu sem hluta af frístundastarfi barna

Frístundarselin gerðu síðan samstarfssamning við Aftureldingu um Íþróttafjör fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

*Markmiðið með Íþróttafjörunu var fengju að börnin fái að kynnast sem flestum greinum íþróttar og geti í framhaldi af því í 3. bekk ákveðið hvaða íþrótt þau vilja stunda. Það er ekki markmið Íþróttafjörsins að búa til sérhæfða afreksíþróttamenn, heldur að börnin fái að stunda íþróttir í sem fjölbreyttasta formi. Einnig er það markmiðið að börnin myndi sér jákvætt hugarfar í garð hreyfingar og íþróttar hverskonar. Með markmiðsetningu fyrir Frístundafjörið eru **markmið Íþróttasambands Íslands fyrir börn 8 ára og yngri höfð að leiðarljósi:***

- Að æfingarnar séu fjölþættar og stuðli að bættum hreyfiþroska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.
- Að þjálfunin fari fram í leikformi.
- Að æfingarnar séu skemmtilegar.
- Að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku.
- Að fjölgreinafélög sjái til þess að öll börn á þessum aldri hafi tækifæri til að stunda íþróttir með þessum hætti í óeildaskiptum íþróttaskólum eða námskeiðum á vegum félaganna.





## Leikskólar

Mosfellsbær starfrækti skólaárið 2010-2011, 5 leikskóla, Hlaðhamra, Hlíð, Hulduberg, Reykjakot og Krikaskóla auk leikskóladeildar við Lágafellsskóla.

Samtals voru í leikskólunum 541 börn í 4 - 9 tíma vistun

Sumarið 2011 fóru skólarnir í samstarf sín á milli um þjónustuna þann tíma sem fáir voru að nýta hana. Farin var sú leið að leikskólarnir sameinuðu starfsemi sína og var rekinn sumarleikskóli í Krikaskóla í júlímánuði og störfuðu þar starfsmenn allra skólanna og skólastjórnendur skiptu með sér verkum. Starfsmenn og stjórnendur skólanna voru á einu máli um að þetta fyrirkomulag hafi tekist vel.

Árlega er haldin menningarvika leikskólanna en þá halda leikskólabörnin listasýninu á Torginu í Kjarna. Daglega í menningarviku er samsöngur barnanna frá öllum leikskólunum. Foreldrar og aðrir bæjarbúar koma á sýninguna og er óhætt að segja að menningarvika setji skemmtilegan svip á mannlífið í Kjarna og er því að verða fastur viðburður í bæjarlífinu.

Í leikskólum Mosfellsbæjar fer fram mikið og gott faglegt starf en hér á eftir er yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Mosfellsbæ starfsárið 2010-11, ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum. Allar tölulegar upplýsingar miðast við 1. október 2010.

### Leikskólinn Hlaðhamrar

Leikskólastjóri: Sveinbjörg Davíðsdóttir

Leikskólinn Hlaðhamrar er elsti leikskóli Mosfellsbæjar. Hann hefur verið starfræktur frá 8. október 1976 en þá keypti Mosfellshreppur íbúðarhúsið og landið Hlaðhamra. Byggt var við leikskólann 1996-1997 svo að hann mætti fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til húsnæðis leikskóla í dag og hefur sú bygging reynst vel. Leikskólinn er fjögurra deilda. S.l. starfsár voru þar 82 börn.



Sérstakar áherslur í leikskólastarfinu eru: Gæði í samskiptum og skapandi starf. Er þar fyrst og fremst horft til hugmynda Loris Malaguzzi, stefna sem nefnd hefur verið Reggiostefnan. Markmiðið er að leikskólabörnin öðlist sterka sjálfsvitund, hæfni í samskiptum, skapandi færni og frjóa hugsun Lykilorð í allri samvinnu og samstafi Hlaðhamra er virðing

### Leikskólinn Hlíð


Leikskólastjóri: Jóhanna S. Hermannsdóttir

Leikskólinn tók til starfa 1985 og leysti þá af hólmi leikskólann í Reykjadal. Leikskólinn Hlíð var því 25 ára haustið 2010. Um helmingur af plássunum voru þá heilsdagspláss en hinn helmingur hálf dagspláss. Árið 1994 var heilsdagsplássunum fjölgað, hætt með hálf dagspláss og boðið upp á 6 tíma og heilsdagspláss. Ný viðbygging var tekin í notkun 1. mars 2003 og bættust þá við um 25 pláss. Byggingin heppnaðist vel og aðstæður barna og starfsmanna bötundu til muna. S.l. starfsár voru þar 91 barn.



Sérstakar áherslur í leikskólastarfinu eru: Skapandi starf og skapandi hugsun.

Er þar fyrst og fremst unnið eftir svokölluðum "Þróunarsamvirkni kenningum", þ.e. barnið lærir og þroskast í samvirkni við umhverfið. "Learning by doing" eru slagorð fyrir þessa kenningu og lýsa



innhaldi hennar nokkuð vel. Leikskólinn hefur einnig oft verið nefndur "Kubbaleikskólinn" því kubbar eru aðalleikefni skólans. Sérstakar áherslur í Hlíð eru á hugtökin jákvæðni og kurteisi. Leikskólinn hefur einnig lagt áherslu á listmenninu og listsköpun.

Vorið 2011 gerði Menntamálaráðuneytið alhliða ytra mat á leikskólanum Hlíð en niðurstöður þess voru kynntar á 257. fundi fræðslunefndar. Meginniðurstöður leiddu í ljós að stefna skólans er skýr, rekstur og stjórnun gengur vel og starfsandi er góður. Fram kemur í úttekinni að þróunarverkefni hafi verið innleidd með góðum árangri og að skólanámskrá liggur fyrir. Skólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um áherslu þætti námssviða. Nánar má lesa skýrsluna á heimasíðu leikskólans og á heimasíðu Menntamálaráðuneytisins.

### Leikskólinn Hulduberg

Leikskólastjóri: Þuríður Stefánsdóttir

Leikskólinn Hulduberg tók til starfa 2. nóv. 1999. Þrjár deildir af fjórum voru strax teknar í notkun en Varmárskóli, Vestursetur hafði fjórðu deildina að láni undir sína starfsemi. Í upphafi skólaárs 2000 fékk svo Hulduberg fjórðu deildina til sín þegar Vestursetursbörnin fóru í Lágafellsskóla. Í febrúar 2006 var tekin í notkun viðbygging við leikskólann, 2 leikskóladeildir, ásamt sérkennsluherbergi svo og náttúruvísindaherbergi, alls 280,6 fermetrar. Á haustdögum 2005 var sett á stofn leikskóladeild sem sérstaklega var ætluð elstu börnum leikskólans. Deildin var staðsett í lausri kennslustofu við austuringang Lágafellsskóla. Þar voru samtals 18 ára börn en haustið 2007 var stofnuð leikskóladeild inn í Lágafellsskóla og var starfsemi í þessari lausu kennslustofu því lögð af. S.l. starfsár voru þar 141 barn.



Sérstakar áherslur í leikskólastarfi eru Umhverfisvernd og umhverfismennt. Hulduberg er "grænn" leikskóli. Unnið er eftir "Þróunar og samvirknikenningum" þar sem áhersla er lögð á þá leið/aðferð sem er farin fremur en útkomuna og að börnin fái að túlka sína reynslu á eigin forsendum og finni sjálf lausn á "vandamálum" sem upp geta komið. Áhersla er á að skoða og njóta nánasta umhverfis.

### Leikskólinn Reykjakot

Leikskólastjóri: Gyða Vigfúsdóttir

Leikskólinn Reykjakot tók til starfa árið 1994. Upphaflega var áætlun um að taka aðeins tvær deildir af þremur í notkun því talið var að biðlistinn myndi tæmast við það. Á lokaprettinum var þó ákveðið að opna allar þrjár deildirnar. Árið 1998 var svo fjórðu deildinni bætt við Reykjakot en þá var færanleg kennslustofa sett á lóð leikskólans. Tvær færanlegar kennslustofur til viðbótar hafa verið settar á lóð leikskólans. Í ágúst 2004 var stofnuð leikskóladeild frá Reykjakoti við grunnskóla og var sú deild staðsett í Varmárskóla. Markmiðið með leikskóladeildinni var að efla starf meðal elstu barna leikskólanna og nýta til þess þekkingu og reynslu 2ja skólastiga þ.e. leik- og grunnskóla. S.l. starfsár voru þar 90 börn.



Leikskólinn Reykjakot hefur um árabíl haft skólastefnu Hjallastefnunnar að leiðarljósi. Hjallastefnan setur í öndvegi jafnan rétt kynjanna, einfaldleika og sköpun.

### Krikaskóli

Skólastjóri: Þrúður Hjelm

Krikaskóli tók til starfa sumarið 2008. Útibú hans var staðset fyrstu tvö skólaárin í Helgafellslandi í færanlegum skólastofum og fékk það nafnið Brekkukot. Í Brekkukoti veturinn 2009-2010 voru 77 börn á leikskólaaldri í 6-9 tíma vistun. Í apríl 2010 flutti Krikaskóli í nýtt húsnæði við Sunnukrika. Við það fjölgaði börnunum nokkuð og í lok skólaársins 2011 voru leikskólabörnin orðin 102.



Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja -9 ára og starfsemin tekur mið af Hugsmíðahyggjuni og skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum. Hugmyndasamkeppni var haldin um skólastefnu og hönnun skólans og upplýsingar þar af lútandi er að finna á heimasíðu skólans.

Áherslur í skólastarfi eru einstaklingsmiðað nám, lýðræðisleg skólamenning, merkingarbært nám með könnunaraðferð, náttúra og útikennsla, samþætting skólastarfs og tómstunda, heildstætt skólaár og skóladagur.

Mikið var um óskir um að fá að koma í heimsókn í Krikaskóla skólaárið 2010-2011. Haustönnin var sérstaklega annasöm í þessu efni þannig að brugðið var á það ráð að loka fyrir heimsóknir í desember. Flestir heimsóknargestir voru skólafólk, þar næst sveitastjórnarmenn og svo arkitektar, byggingamenn og félagasamtök. Samtals komu í Krikaskóla á skólaárinu 2010-2011 rúmlega 650 manns, en það er fyrir utan stóran hóp sem tekið var á móti að kvöldi til og fjöldi einstakra heimsókna.

### Leikskóladeild í Lágafellsskóla

Leikskólastjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri og daglegur stjórnandi: Arna María Smáradóttir. Í september 2007 var stofnuð leikskóladeild fyrir 5 ára börn í Lágafellsskóla í nýju húsnæði skólans. Húsnæðið var hannað m.t.t. að þar væru saman í námi og leik, börn á aldrinum 5-7 ára, 3 árgangar. Húsnæðið er nokkuð opið og með það að markmiði að auðvelda mætti samstarf og flæði milli árganga. Fyrsta skólaárið í húsnæðinu voru nýir námshættir þróaðir sem og samkenntla milli árganga. S.l. starfsár voru þar 29 börn.



## Leikskóladeild í Varmárskóla

Leikskólastjórar: Þórunna Rósa Ólafsdóttir og Þórhildur Elvarsdóttir

Daglegur stjórnandi: Elfa Dís Austmann

Árið 2004 var leikskóladeild fyrir 5 ára börn stofnuð við Varmárskóla. Leikskóladeildin var rekin sem útibú frá Reykjakoti en í upphafi skólaárs 2008 fór deildin undir stjórn Varmárskóla.



Veturinn 2010-2011 fór Varmárskóli í samstarf við leikskólana Hlaðhamra, Hlíð og Reykjakot um starf 5 ára barna með þeim hætti að börnin fóru í Varmárdeild í eina viku í senn. Markmiðið með þessu samstarfi var að efla starf 5 ára barna og brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Sjá nánar í kafla um Brúum bilið.

## Tölulegar upplýsingar um leikskólana

Stöðugildi í leikskólum milli ára

Ár	Hlaðhamrar	Hlíð	Hulduberg	Reykjakot	Krikaskóli	Varmárdeild	Lágafellsdeild	Samtals
2005	22,56	25,12	30,4	29,15				107,23
2006	22	25,36	37,5	29,7				114,56
2007	22,94	25,71	36,81	26,2		4	4,17	119,83
2008	26,7	24	36,23	25,42	15,6	3,3	5,4	136,65
2009	25,98	25,90	35,67	26,78	20,9	3,0	4,351	142,58
2010	25,90	25,90	33,16	26,78	26,50	1	4,10	143,34

\* Breyting stöðugilda fylgir breytingum á sérkennslu- og stuðningsbörnum auk fjölda ungra barna hverju sinni

## Börnin

Þróun fjölda barna í leikskólum Mosfellsbæjar

Ár	2007	2008	2009	2010
Hlaðhamrar	89	87	90	82
Hlíð	101	102	104	95
Hulduberg	146	146	146	142
Reykjakot	101	105	96	91
Krikaskóli	0	42	77	102
Varmárdeild	22	22	14	0
Lágafellsdeild	29	35	29	28
Leirvogstunga	0	0	0	0
Samtals	488	539	556	541

## Börn sem njóta sérstuðnings

Í lögum um leikskóla nr.90/2008 segir í 22. gr:

***“Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og hjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans!”***

Á skólaárinu höfðu sálfræðingar á vegum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu Skólaskrifstofu fasta viðveru í leikskólunum einu sinni í mánuði í hverjum leikskóla fyrir sig, eins og undanfarin ár. Sálfræðingarnir veittu ráðgjöf og greiningu vegna barna með sérþarfir, sálræna erfiðleika, hegðunarvandkvæði og/eða þroskafrávik. Þess skal getið að leikskólarnir hafa haft aðgang að talmeinafræðingi síðustu árin og svo var einnig á haustmánuðum 2010. Talmeinafræðingur veitir málgreiningu á þeim börnum sem óskað var eftir þ.e. framburðargreiningu og málþroskagreiningu og ráðgjöf til starfsmanna og foreldra.

Hljóm 2, sem er málþroskaskimunartæki, er lagt fyrir öll 5 ára börn leikskólans í október að fengu leyfi foreldra. Skimunarprófinu, sem er íslenskt að gerð, er ætlað að finna þau börn sem gætu lent í vanda við lestrarnám í grunnskóla. Með innleiðingu Hljóms 2, er hægt að bregðast fyrir við vanda sumra barna við formlegt lestrarnám. Niðurstöður HLJÓM 2 fylgja börnunum í grunnskólann þannig að grunnskólinn hefur mikilvægar upplýsingar um stöðu hvers barns m.t.t. lestrarnáms. Er það mikilvægt svo ekki fari tími til spillis hjá barninu við að hefja formlegt lestrarnám.

Samtals eru 11,80 stöðugildi í leikskólunum vegna stuðnings og sérkennslu og er það um 1,15 % fleiri stöðugildi en á síðasta skólaári. Á síðasta skólaári var skipting þessara stöðugilda á leikskólanna þannig:

Stöðugildi vegna sérkennslu s.l. ár

1.des	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Hlaðhamrar	2,4	2,2	2	3,2	4,4	4,4	4,30x
Hlíð	1,75	1,25	1,7	2,7	1,7	1,7	1,50
Hulduberg	2,9	3,6	3,1	3,13	2,1	2,1	1,70
Reykjakot	1,8	1,8	1,7	2,25	2,1	2,0	2,0
Lágafellsdeild					1	0,30	2,0
Varmárdeild				0,25	0,25	0,15	0
Samtals	8,85	8,85	8,5	11,53	11,55	10,65	11,80

Allar nánari upplýsingar um orsakir stuðnings og sérkennslu er að finna í ársskýrslu ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu Mosfellsbæjar

## Daggæsla barna

### Dagforeldrar

Á síðasta ári voru starfandi í Mosfellsbæ 18 dagforeldrar og voru þær með í sinni gæslu 90 börn.

Samkvæmt Hagstofu 1. des 2009	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi dagforeldra	15	19	17	15*	18
Fjöldi barna	62	74	58	64	90
Fjöldi barna í dagvistun utan lögheimils sem greitt er með	18	12	5	3	7

Skólaskrifstofa hélt 2 fræðslufundi fyrir dagforeldra í samstarfi við Seltjarnarness, Garðabæ og Akranes. Í janúar 2010 var þjónustusamningur við dagforeldra endurnýjaður við alla dagforeldra sem þess óskuðu. Í þjónustusamningnum felst að samið er um hámarks vistunargjald sem foreldrar greiða dagforeldrum fyrir vistun barnsins.

### Gæsluleikvöllur

Sumarið 2011 var gæsluleikvöllur starfræktur í Njarðarholti í júlímánuði. Alls sóttu 65 börn leikvöllinn og að meðaltali voru 11,8 börn á dag á vellinum. Flest voru þau 19 yfir daginn

## Foreldrasamstarf

Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum skólunum Mosfellsbæjar. Markmið þeirrar starfsemi er að stuðla að velferð barna, efla hag skólanna og koma á sem bestu samstarfi heimilis og skóla. Foreldrar eru ávalt velkomnir að dvelja með börnum sínum í skólanum og taka þátt í starfi þeirra og leik.

Ný lög sem sett voru í júlí 2008 gera ráð fyrir aukinni aðkomu foreldra að leik- og grunnskólastarfi. Foreldrar eiga meðal annars að gera umsagnir um allar meiriháttar breytingar á skólastarfi, skólanámskrám og skóladagatali.

Foreldrar leikskóla- og grunnskólabarna eiga rétt til setu í fræðslunefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Vorið 2011 hlaut Mosfellsbær tvær tilnefningar til foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Annars vegar hlaut foreldravika Lágafellsskóla tilnefningu og hins vegar Opnu húsin hjá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.



## Opin hús

Skólaskrifstofan stóð fyrir fræðslukvöldum undir yfirskriftinni "Opin hús" í Listasal Mosfellsbæjar líkt og undanfarin ár. Opnu húsin miða að því að veita foreldrum, forráðamönnum, fagfólki og öðrum áhugasömum er koma að uppeldi barna og unglunga fræðslu og tækifæri á umræðum um ákveðin málefni er varðar uppeldi barna og unglunga í Mosfellsbæ á hverjum fundi.

Yfirskrift kvöldanna veturinn 2010 - 2011 var sem hér segir:

29. september 2010 **Að höndla hamingjuna, samskipti foreldra og barna,**  
Hugó Þórisson, sálfræðingur.
20. október 2010 **Skóli og skólaforeldrar,** Nanna Kristín Christiansen, kennari.
24. nóvember 2010 **Heimili og Skóli**
26. janúar 2011 **Hvað einkennir góðan skólabrag?**  
Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasviði Háskóla Íslands
23. febrúar 2011 **Að tala saman um erfið mál,**  
Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands
30. mars 2011 **Jákvæð sálfræði og leiðir til að finna og næra styrkleika hjá börnum og unglingu.** Anna Jóna Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Samtals mættu 299 gestir á opnu hús Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar 2010-2011 eða að meðaltali um 50 gestir. Þessir gestir voru fulltrúar 500 barna eða um 83. barna að meðaltali.

Foreldrar grunnskólabarna eru í meirihluta eða 57 % gesta, sem er lægra hlutfall en áður en hlutfall leikskólaforeldra heldur áfram að aukast.

	2008-9	2009-10	2010-11
Heildarfjöldi	130 <sup>2</sup>	142	299
Meðaltal	18	28	50
Fulltrúar fj. barna	224	202	500
Meðaltal fulltr. barna	32	40	83
Grunnskólafor	65,6%	61,3%	57%
Leikskólafor.	18%	24,5%	26%
aðrir	16,4%	14,2	17%

<sup>2</sup> Fyrirlestur Ólafs Stefáns ekki talinn með en þar mættu um 400 gestir

## Fræðsla til starfsfólk leik- og grunnskóla

Sú hefð hefur skapast að halda sameiginlegan fræðsludag fyrir allt starfsfólk leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ og sér starfsfólk Skólaskrifstofu um skipulagningu þess dags. Fræðsludagurinn skólaárið 2010-11 var haldinn í Varmárskóla 20. ágúst og hér að neðan má sjá dagskrána í heild sinni.

*Fræðsludagur Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar, 20. ágúst 2010*

*Virðing – jákvæðni – umhyggja - framsækni*

*Dagskrá:*

- 8:00-8:30 Mæting – morgunmatur á staðnum*  
*8:30–8:40 Setning Hafsteinn Pálsson formaður fræðslunefndar*  
*8:40–10:10 Hamingjusamari kennari*  
Anna Jóna Guðmundsdóttir sálfræðingur fjallar um gildi hamingjunnar og jákvæðni í tengslum við árangur í námi og starfi.
- 10:10-10:30 Kaffihlé*  
*10:30–11:50 Getur aukin hreyfing og breytt mataræði haft áhrif á nám og líðan barna?*  
Samúel Örn Erlingsson kennari í Lágafellsskóla og Erling S. Jóhannsson prófessor segja frá íslenskrri rannsókn um gildi hreyfingar og hollrar fæðu.
- 11:50–12:20 Skólastefna og samfélag í deiglu*  
Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðslusviðs.
- 12:20 - 13:00 Matarhlé - matur fram borinn í Varmárskóla*  
*13:00 – 15:30 PALS kennsluefni – P- PALS og K-PALS*  
*Fræðsla og umræður*  
*PALS námskeiðið nýtist öllum þeim kennurum sem kenna einhverjar bóklegar greinar því það styrkir félagsþroska, orðaforða, tjáningu og lesskilning nemenda á öllum skólastigum.*  
*Ætlað kennurum leikskóla og 1. bekkjar grunnskóla.*
- 13:00 – 15:30 Tengslamyndun barna*  
Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir, höfundur bókarinnar Árin sem engin man, fjallar um mikilvægi góðrar tengslamyndunar fyrir börn.
- 13:00 – 15:30 Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla*  
Gunnhildur Harðardóttir fjallar um samstarf og skil grunn- og framhaldsskóla.
- 13:00 – 15:30 List og verkgreinar í öndvegi*  
Sif Vígþórsdóttir skólastjóri og Ágúst Ólason aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla fjalla um smíðjur og samþættingu í skólastarfi.

Auk þessa heldur hver stofnun, leik – og grunnskóli, námskeið og/eða fyrirlestra fyrir sína starfsmenn er taka mið af þeirra starfsemi og sérstöðu. Þá má nefna að starfsmenn leik- og grunnskólanna sækja sér sí- og endurmenntun bæði innanlands sem utan. Hér er yfirlit yfir aðra fræðslu sem starfsfólk leik- og grunnskóla fengu á síðasta skólaári:



## Þróunar-, nýbreytni- og önnur verkefni

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk Skólaskrifstofu umsjón með einstökum verkefnum er lúta að leik- og grunnskólastarfi. Leik- og grunnskólar í Mosfellsbæ vinna að margskonar nýbreytni- og þróunarverkefnum.

### Brúum bilið

Áralöng hefð er fyrir samstarfi leik – og grunnskóla í Mosfellsbæ. Samstarfið hefur meðal annars falist í heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann að vori til að kynna börnum væntanlegan skóla. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á þessum tímamótum. Þá eru haldnir árlegir „skilafundir“ vegna þeirra barna sem þurfa á áframhaldandi stuðningi að halda þegar þau færast úr leikskóla í grunnskóla.

Á síðasta skólaári fóru leikskólarnir Hlaðhamrar, Hlíð og Reykjakot í samstarfi við Varmárskóla, leikskóladeild. Samstarfið gekk út á að 5 ára börnin fóru í Varmárskóla 4 daga í senn í alls 4 skipti. Í Varmárskóla fóru börnin í ýmis grunnskólatengd verkefni með nemendum úr 1. og 2. Varmárskóla. Markmiðið með starfinu var að útvíkka og auka starf 5 ára barnanna og gefa þeim tækifæri á að aðlagast grunnskólakennslu og byggja þannig brú milli leikskóla og grunnskóla fyrir börnin. Að sögn skólastjóra leikskólanna þá er almenn ánægja með þetta fyrirkomulag meðal foreldra og þeirra kennara sem að verkefninu standa og telja þeir að markmiðum séð náð. Áætlanir eru um að halda þessu samstarfi áfram.


### Allt hefur áhrif einkum við sjálf

Mosfellsbær var aðili að Lýðheilsuverkefninu „Allt hefur áhrif einkum við sjálf,“ sem Lýðheilustöð/landlæknisembættið stóð fyrir. Verkefnið hófst árið 2005. Strax í upphafi verkefnisins var settur á fót stýrihópur sem setti verkefninu markmið og hélt utanum framkvæmd þess. Stýrihópurinn tók saman yfirlit yfir ávinning af verkefninu vorið 2008 og í kjölfarið var unninn bæklingur sem dreift var á öll heimili í Mosfellsbæ.

Verkefninu lauk vorið 2010 af hálfu Lýðheilsustöðvar sem skilaði lokaskýrslu fyrir verkefnið í heild og fyrir Mosfellsbæ. Skýrslurnar hafa verið kynntar í nefndum bæjarins. Stýrihópurinn mun halda áfram vinnu sinni og starfa í anda markmiða verkefnisins næstu árin.

### PALS (Peer Assisted Learning Strategies) „Þör Að Læra Saman“

Í niðurstöðum PISA rannsóknarinnar sem gerð var 2006 kom fram að grunnskólanemendur á Íslandi eru meðalnemendur alla skólagönguna ef skoðaðar eru allar þátttökupjóðir. Ef skoðuð eru þau lönd sem við viljum bera okkur saman við eru íslenskir nemendur undir meðallagi. Lesskilningsfærni íslenskra nemenda hefur hrakað mest á öllum þremur prófunum. Þegar niðurstöður PISA lágu fyrir haustið 2007 var hafist handa að leita leiða fyrir kennara til að styrkja alla þætti læsis og lestrarkennslu sem gætu nýst í öllum aldurshópum. Í framhaldinu fór Skólaskrifstofa að skoða og kynna fyrir leik- og grunnskólum ýmis læsis hvetjandi verkefni. Á vordögum 2009 var kynnt fyrir skólastjórum leik- og grunnskóla PALS verkefnið og voru þeir áhugasamir á að innleiða það í skólum Mosfellsbæjar. PALS er bandarískt að uppruna og hefur ekki verið innleitt hér á landi fyrr en nú. PALS byggir á þeirri hugmynda- og kennslufræðilegu nálgun að nemendur eru paraðir saman eftir ákveðnum reglum og æfa sig í ýmsum þáttum læsis allt eftir eigin getu. Þessi aðferð er í upphafi þróuð í USA til að kenna



útlendingum ensku. Rannsóknir sýna aukinn orðaforða, betri málskilning og meira öryggi í lestri eftir að PALS kennsluáferð er notuð. Áferðina má nota í öllum bóklegum námsgreinum.

Innleiðing PALS hófst formlega haustið 2009 með námskeiði fyrir alla leik og grunnskólakennara í Mosfellsbæ undir leiðsögn Kristen L. McMaster Ph.D sem kom sérstaklega til landsins í þeim tilgangi að halda námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara í Mosfellsbæ. Það var gert fyrir tilstuðlan Huldu Karen Daníelsdóttur, kennsluráðgjafa í málefnum tvítýngdra barna í Reykjavík.

Kennarar í Mosfellsbæ sýndu strax mikinn áhuga á efninu og í kjölfarið var kennsluefnið keypt frá bandaríkjunum. Hafist var handa við að þýða það og staðfæra og nokkrir kennarar tóku það í notkun s.l. vetur. Skólaskrifstofa fékk styrk frá Sprotasjóði Menntamálráðuneytisins í upphafi ársins og gerði styrkurinn útslagið um að hægt væri að leggja í vinnu við þýðingar og staðfæringar á PALS efninu. Verkefnið heldur áfram og mikill áhugi er fyrir hendi.

Veturinn 2010-2011 hófst markviss notkun PALS í leik- og grunnskólum bæjarins. Vorið 2011 var handbók kennara fyrir 2. – 6. bekkjar gefin út á tölvutæku formi og um sumarið í bókformi svo og tvær handbækur sem ætlaðar eru leikskólabörnum. Gerð var SVÓT greining hjá PALS kennurum um árangur innleiðingar og framgangi verfnisins. Niðurstaðan var sú að almenn ánægja er með aðferðafræðina á bak við PALS og vilji til áframhaldandi þróunar. Margar ábendingar komu fram sem unnið verður með í framhaldinu.

Eins og áður segir er Mosfellsbær fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að innleiða þessa aðferð í skólastarfi. Nánar um verkefnið má finna á slóðinni <http://kc.vanderbilt.edu/pals/>

## TRAS – GS

TRAS er faglegur matslisti sem á uppruna sinn í Noregi og hefur verið notaður víða á norðurlöndunum síðast liðin ár. TRAS er skammstöfun á *Tildig registrering av spraklutvikling i daglig samspill* sem hefur verið þýtt á íslensku sem **Snemmtæk skráning á málþroska barna**.

Markmiðið með matslistanum er að leikskólakennarar geti fylgjst með og fengið yfirsýn yfir málþroskaferli hvers barns. Listinn er enn á þróunarstigi og er ekki komin í almenna notkun á Íslandi en Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar hefur verið þátttakandi í þróun og staðfærslu listans sem og fylgigögnum tengdum honum s.s. handbók. Leikskólinn Hlahamrar tók listann í notkun á síðasta ári, sem þátttakandi að aðlögun listans og taldi að listinn væri gott tæki til að gylgjast með framvindu málþroska barna almennt. Skólaskrifstofa mun halda áfram að innleiða listann í alla leikskóla bæjarins.

Auk áður nefndar verkefna eru í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar mikið um þróunar- og nýbreytniverkefni og sum hver búin að vera í einhver ár en hér verða talin upp nokkur þeirra sem voru í gangi skólaárið 2010-2011:

- Samstarfsverkefni nemenda í 8. bekk á Norðurlöndum og Baltíklöndum (Varmárskóli)
- GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða (Varmárskóli)
- Þróun útikennslu (Varmárskóli)
- Þróun uppbyggingastefnunnar (Lágafellsskóli)
- Water, water everywhere (Lágafellsskóli)
- Small ambassadors (Lágafellsskóli)
- Uppbygging útikennslusvæðis (Lágafellsskóli)
- Leiðsagnamat (Lágafellsskóli)
- Skákkennsla (Lágafellsskóli)
- Feður vilja líka vita (jafnréttisverkefni – Reykjakot)
- Samþætting leik- og grunnskóla (Krikaskóli)
- starfsáætlanir – kíkjá á það
- Samstarf leik- og grunnskóla með 5 ára börnum (Hlíð)
- Náttúru- og tilraunaverkefni (Hulduberg)
- Mál er máttur (Hlaðhamrar)